




TILLAGA AÐ BREYTINGU Á
AÐALSKIPULAGI DJÚPAVOGSHREPPS 2008 - 2020
Djúpivogur – Innri Gleðivík - stækkun athafnasvæðis við Háukletta



TGJ
hönnun · ráðgjöf · rannsóknir

 Skipulagsstofnun

Mótt.: -5. júlí 2021
Málnr.

202099062




TILLAGA AÐ BREYTINGU Á
AÐALSKIPULAGI DJÚPAVOGSHREPPS 2008 - 2020
Djúpivogur – Innri Gleðivík - stækkun athafnasvæðis við Háukletta

9. mars 2021

STAÐFESTINGARSÍÐA

Aðalskipulagsbreyting þessi, sem auglýst hefur verið skv. 31. gr. skipulaga nr. 123/2010 var samþykkt í sveitarstjórn Múlabings þann 7/6 '21

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann 6/7 '21

[Handwritten signature]
[Handwritten signature]
[Handwritten signature]


EFNISYFIRLIT

1. Inngangur.....	3
2. Breyting á aðalskipulagi; markmið, kynning og samráð.....	4
2.1 Markmið aðalskipulagsbreytingarinnar.....	4
2.2 Kynning og samráð.....	4
3. Skipulagsleg staða og tengsl við aðrar áætlanir.....	5
3.1 Landsskipulagsstefna.....	5
3.2 Aðalskipulag.....	5
3.2.1 Hafnarsvæði.....	5
3.2.2 Athafnasvæði.....	5
3.2.3 Önnur landnotkun.....	6
3.3 Cittaslow.....	6
4. Grunnástand.....	6
4.1 gróðurfar.....	6
4.2 Menningarminjar.....	6
5. Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020.....	7
5.1 Skilmálar.....	8
6. Umhverfismat.....	8

1. INNGANGUR

Mikill vöxtur hefur verið í fiskeldi á Íslandi á undanförunum árum og hefur heildarframleiðsla margfaldast^{1,2}. Á Djúpvogi hefur fiskeldi vaxið mjög á síðustu misserum og er mikil uppbygging fyrirhuguð³.

Í Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 – 2020 kemur fram í meginmarkmiðum sveitarstjórnar að „stefnt sé að því að auka vöxt og viðgang hafnsækinnar starfsemi á Djúpavogi“⁴.



Mynd 1. Innri-Gleðivík – geymslusvæði við Háukletta á miðri mynd. Þá má sjá hvernig gatan Víkurland kvíslast; nyrðri/neðri leggurinn fer út með hafnarmannvirkjum en syðri/efri brýtur sér leið upp í landið (3Dlíkan: Svami ehf).

Innri-Gleðivík er vestast í þéttbýlinu á Djúpavogi. Að austanverðu afmarkast vikin af Svalbarðstanga en að vestanverðu að lágum berggangi sem gengur í sjó fram. Við botn víkurinnar er land nokkuð flatt en tekur svo að halla til suðurs.

Svæðinu hefur um árabil verið ætlað hlutverk hafnar- og athafnasvæðis til framtíðar. Upp úr síðustu aldamótum voru mikil hafnarmannvirki reist við víkna og til að brjóta land undir ný mannvirki tengd hafnsækinni starfsemi var efni sótt í fyrrgreindan berggang, við svokallaða Háukletta. Um 6.000 m² spilda var því höggvin í bergganginn en þar sem fyrirætlanir um uppbyggingu gengu ekki eftir á sínum tíma hefur spildan því verið nýtt sem geymslusvæði um langa hríð.

¹ Hagstofa Íslands 22. mars 2019 - <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/sjavarutvegur/fiskeldi-a-islandi/>

² Frétt RÚV 14. október 2020 – <https://www.ruv.is/frett/2020/10/14/islenskt-fiskeldi-jokst-um-77-prosent-milli-ara>

³ Frétt RÚV 24. nóvember 2020 - <https://www.ruv.is/frett/2020/11/24/mikil-uppbygging-fram-undan-a-djupavogi>

⁴ Sjá kafla 1.2.3.

Gatan Víkurland tengir Innri-Gleðivík við aðra hluta þéttbýlisins. Skammt vestan við Svalbarðstanga kvíslast gatan og brýtur syðri/efri leggur götunnar sér leið til suðurs, upp í landið og tengist Hringvegi allnokkru vestar. Nyrðri/neðri leggurinn fer hins vegar um hafnarmannvirki í botni Innri-Gleðivíkur og út með víkinni að vestanverðu.

Á undanförunum árum hefur lítið verið um hafsækna starfsemi í Innri-Gleðivík. Hefur svæðið því þróast yfir í að vera eftirsóknarverður áningarstaður ferðamanna sem sækja Djúpavog heim. Þar hefur listaverkið Egginn í Gleðivík gengt meginhlutverki en verkið er staðsett út með strandlengjunni við vestanverða víkina. Af þessum sökum er töluverð umferð fólks á svæðinu.

2. BREYTING Á AÐALSKIPULAGI; MARKMIÐ, KYNNING OG SAMRÁÐ

Áætlanir framkvæmdaraðila um uppbyggingu í þágu hafnsækinnar starfsemi í Innri-Gleðivík kalla á breytingu á Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020 sem staðfest var af umhverfisráðherra 24. febrúar 2010.

Sú aðalskipulagsbreyting sem hér lögð fram fjallar um stækkun athafnasvæðis við Háukletta.

2.1 MARKMIÐ AÐALSKIPULAGSBREYTINGARINNAR

Markmið aðalskipulagsbreytingarinnar er að rýmka fyrir mannvirkjum í þágu þeirrar hafnsæknu starfsemi sem fyrirhuguð er á svæðinu, með stækkun athafnasvæðis við Háukletta. Stækkun svæðisins er ekki síst til að vinna gegn þeim neikvæðu áhrifum sem fyrirhuguð uppbygging kann að hafa í för með sér, s.s. hvað varðar sjónræn áhrif, en aukið rými gefur betri tækifæri til að fella mannvirki að staðháttum.

2.2 KYNNING OG SAMRÁÐ

Um nokkurt skeið hefur verið unnið að deiliskipulagstillögu vegna uppbyggingar hreinlegrar starfssemi í þágu hafnsækinnar starfsemi innan athafnasvæðisins við Háukletta. Var sú tillaga kynnt íbúum og hagsmunaaðilum með formlegum hætti frá 18. september til 2. október 2020. Ein ábending barst.

Í ljósi þeirrar kynningar óskaði skipulagsfulltrúi Múlapings, í bréfi dags. 14. desember 2020, eftir heimild til auglýsa þá breytingu á aðalskipulagi sem hér er til umræðu. Skipulagsstofnun féllst á beiðni skipulagsfulltrúa í bréfi dags. 22. desember 2020.

Á fundi 6. janúar 2021 samþykkti umhverfis- og framkvæmdaráð Múlapings að auglýsa breytingu á aðalskipulagi vegna stækkunar athafnasvæðis við Háukletta og nýs aðkomuvegar að athafnasvæðinu. Var skipulagsfulltrúa falið að fylgja málinu eftir. Á síðari stigum var tekin ákvörðun um að fresta tillögu um nýjan aðkomuveg og verður hún felld inn í vinnu við heildarendurskoðun svæðisins.

Helstu áfangar og tímasetningar skipulagsvinnunnar koma fram í töflu 1:

Tafla 1. Helstu áfangar og tímasetningar skipulagsvinnunnar

Verkpáttur	Dags.
Lögbundinn 6 vikna auglýsingafrestur hefst	mars 2021
Lögbundnum 6 vikna auglýsingafresti lýkur	apríl 2021
Endanleg samþykkt sveitarstjórnar	apríl/maí 2021*
Staðfesting Skipulagsstofnunar	maí/júní 2021*

* Áætluð tímasetning

3. SKIPULAGSLEG STAÐA OG TENGLS VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

3.1 LANDSSKIPULAGSSTEFNA

Í Landsskipulagsstefnu 2015 - 2026 segir að skipulag byggðar og landnotkunar skuli stuðla að samkeppnishæfni og eflingu samfélags og atvinnulífs. Ennfremur segir að skipulagsgerð sveitarfélaga skuli stuðli að uppbyggingu atvinnulífs til framtíðar, með áherslu á gæði í hinu byggða umhverfi og öflugum innviðum. Sérstaklega verði að huga að fjölbreytni atvinnulífs með tilliti til þols gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum.

Áætlanir gera ráð fyrir að uppbygging í þágu hafnsækinnar starfsemi á Djúpavogi fari fram utan svæða sem viðkvæm eru í náttúrfarslegu eða menningarlegu tilliti. Uppbyggingin mun einnig styrkja búsetu sveitarfélaginu, þar sem styrkari stoðum er skotið undir atvinnulíf.

3.2 AÐALSKIPULAG

Samkvæmt Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 – 2020 er grunnlandnotkun í þéttbýlinu á Djúpavogi óbyggt svæði. Aðrir landnotkunarflokkar í Innri-Gleðivík norðan syðri/efri leggs Víkurlands, eru sem hér segir.

3.2.1 Hafnarsvæði

Samkvæmt gildandi aðalskipulagi er land í botni Innri-Gleðivíkur frá sjó að syðri/efri legg Víkurlands skilgreint sem hafnarsvæði, sem og hafnarmannvirki sem ganga út með víkinni að vestanverðu.

3.2.2 Athafnasvæði

Um 4.600 m² athafnasvæði er skilgreint í bergganginum vestan við hafnarsvæðið, við Háukletta. Óbyggt svæði er umlykur afhafnasvæðið á alla hliðar en aðeins er mjó ræma (jarðvegsmön) að austanverðu sem skilur það frá hafnarsvæðinu.

Í texta greinargerðar aðalskipulags (kafla 5.5) segir að athafnasvæði í Innri-Gleðivík rammi inn hafnarsvæðið við Innri-Gleðivík og veiti þannig betri stuðning og fái jafnframt notið nálægðarinnar, enda getur starfsemi á svæðunum í mörgum tilfellum verið nánin. Þá segir í kafla 5.5.3 að stefnt sé að því að gera Djúpavogshrepp „að eftirsóknarverðum kosti fyrir einstaklinga og atvinnufyrirtæki með hreinlega starfsemi“. Aðalskipulagsbreyting þessi og

tilgangur hennar er því í fullu samræmi við lýsingu og markmið uppbyggingar athafnasvæða í Innri-Gleðivík.

3.2.3 Önnur landnotkun

Á svæðinu er gönguleið og um það liggur ljósleiðari.

3.3 CITTASLOW

Djúpavogshreppur er aðili að Cittaslow-hreyfingunni. Meginstefna hreyfingarinnar er m.a. að tryggja velsæld íbúa, sjálfbæra þróun og verndun náttúru. Þó stefnan sé ekki lögformleg, þá hefur Djúpvogur undirgengist þau viðmið sem Cittaslow setur fram og er stefnan því afar mikilvæg í allri stefnumótun innan þéttbýlisins.

4. GRUNNÁSTAND

4.1 GRÓÐURFAR

Vegna uppbyggingar í þágu hafnsækkinnar starfsemi í Innri-Gleðivík hefur talsverðum hluta lands þar verið raskað. Einkum því landi sem liggur lægst og næst sjó. Berggangurinn að vestanverðu setur mjög sterkan svip á svæðið og á óröskuðum hluta hans er land nokkuð gróið, og þar að finna bæði mosamóa-, grasmóa- og lyngmóavist á láglandi⁵.

4.2 MENNINGARMINJAR

Í fornleifaskráningu fyrir þéttbýlið á Djúpavogi⁶ eru 3 minjar skráðar nærri athafnasvæðinu við Háukletta. Um er að ræða innsiglingavörður og hleðslu (SM-233:238, SM-233:239 og SM-233:240).



Kort 1. Fornleifaskráning fyrir Innri-Gleðivík við Háukletta frá 2018.

⁵ Vistgerðarkort Náttúrufræðistofnunar Íslands: <https://vistgerdakort.ni.is/>

⁶ Kristborg Þórsdóttir (2018). *Aðalskráning fornleifa á Djúpavogi: Þéttbýli*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands ses (FS671-16302).

5. TILLAGA AÐ BREYTINGU Á AÐALSKIPULAGI DJÚPAVOGSHREPPS 2008 - 2020

Í tillögu að breytingu á aðalskipulagi er gert ráð fyrir að athafnasvæðið við Háukletta stækki til norðurs, suðurs og vesturs um samtals 4.880 m², þ.e. úr 4.570 m² í 9.450 m². Að hluta er hér um að ræða uppfærslu á mörkum svæðisins, því raunflatarmál þess nú er um 6.000 m². Annars staðar þarf að brjóta land og mun stækkunin ganga inn á svæði sem nú er skilgreint sem óbyggt svæði.



Mynd 2. Horft úr vestri yfir athafnasvæðið við Háukletta. Hafnarmannvirki við Innri-Gleðivík fjær (mynd: Páll Jakob Líndal).

Umhverfiskrask vegna stækkunar athafnasvæðisins mun eiga sér stað á landi sem skilgreint er sem óbyggt svæði. Vert er þó að hafa í huga að umrætt svæði er þegar raskað vegna efnistöku og gerðar jarðvegsmana en á sínum tíma var jarðvegi ýtt af efnistökusvæðinu út á jaðra þess (sjá myndir 1 og 2).


Gert ráð fyrir að athafnasvæði og hafnarsvæði munu tengjast í norðausturhorni athafnasvæðisins, þar sem landnotkun er nú skilgreind sem óbyggt svæði, en benda má á að þar er nú þegar akfær tenging milli svæðanna (sjá mynd 3).



Mynd 3. Horft yfir athafnasvæðið frá norðausturhorni þess (mynd: Páll Jakob Líndal).

5.1 SKILMÁLAR

Innan athafnasvæðisins er heimilt að reisa byggingar fyrir létta, hreinlega athafnastarfsemi sem tengjast hafnsækinnistarfsemi. Við gerð deiliskipulags er heimilt að afmarka allt að 4.000 m² byggingareit innan afmarkaðrar lóðar. Heimilt byggingarmagn er allt að 3.000 m² miðað við grunnflöt. Staðsetning bygginga og yfirbragð þeirra skal taka ríkulegt tillit til staðháttá og sérstöðu svæðisins, og skal lagt upp með að draga úr sjónrænum áhrifum þeirra eins og kostur er, jafnt hvað varðar formgerð, hæð og litaval. Halda skal umhverfiskröfur í lágmarki, frágangur bygginga skal vera af góðum gæðum sem og umhverfisfrágangur. Nánari gæðakröfur um yfirbragð bygginga og frágang skulu koma fram í deiliskipulagi fyrir svæðið. Allar framkvæmdir eru háðar leyfi Múlaþings, sbr. skipulagslög nr. 123/2010 og lög um mannvirki nr. 160/2010. Múlaþing leggur ríka áherslu á að mjög sé vandað til verka í námunda við minjar og náíð samráð og samstarf sé haft við Minjastofnun Íslands. Þá er vakin athygli á 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 um áður ókunnar fornminjar.



Mynd 4. Horft til norðausturs yfir athafnasvæðið við Háukletta og næsta nágrenni (mynd: Páll Jakob Línald).

6. UMHVERFISMAT

Aðalskipulagsbreytingin fellur ekki undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 og kallar ekki á samanburð kosta.